

Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Mánudaga - fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – sunnudaga	kl. 10 –18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



September 2019

HVATARBLAÐIÐ

Fjallferðir og réttir 2019



Grímsnes

Farið verður á fjall í **Grímsnesi**
föstudaginn 6. september

Réttað verður í **Kringlumýri** þriðjudaginn
10. september kl. 10:00

Grafningur

Farið verður á fjall í **Grafningi**
föstudaginn 13. september

Grafningsréttir verða
mánudaginn 16. september kl. 9:45

Veðurspá/veður getur haft áhrif á
allar dagsetningarnar



FUNDARGERÐ.

463. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. ágúst 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

Oddviti leitar afbrigða við útsenda dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

- a) Bréf frá Gunnari Á. Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Túns þar sem auglýstur er aðalfundur félagsins.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. júlí 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. júlí 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) Fundargerð 181. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. ágúst 2019.

Mál nr. 13, 14, 15, 16 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Haustrferð skógræktarfélags Grímsneshrepps

Verður farin laugardaginn 28. september.

Farið verður að Snæfoksstöðum þar sem Böðvar Guðmundsson mun fræða gesti um ýmislegt er varðar skógrækt. Þaðan verður síðan haldið að Kaldárhöfða að skoða skógrækt Önnu Soffu. Sameinumst í bíla, lagt af stað frá Borg kl. 14.00.

Oft verður tré úr mjúkum kvisti.

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar – Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss



Sími 899-2910



September 2019

www.pizzavagninn.is

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
29. ágúst Laugarvatn 18:00-20:30	30. ágúst Flúðir 18:00-21:00	31. ágúst Borg 18:00-20:30
5. sept Laugarvatn, með fyrirvara um breytingar 18:00-20:30	6. sept Árnes 18:00-20:30	7. sept Reykholt 18:00-20:30
12. sept Laugarvatn, með fyrirvara um breytingar 18:00-20:30	13. sept Réttir	14. sept Réttir
19. sept Laugarvatn 18:00-20:30	20. sept Brautarholt 18:00-20:30	21. sept Reykholt 18:00-20:30
26. sept Laugarvatn 18:00-20:30	27. sept Flúðir 18:00-21:00	28. sept Borg 18:00-20:30



669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Kryddjurtir í
úrvali

Verið hjartanlega velkomin.

Lögð fram 181. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 14. ágúst 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 13: 1908021 - Neðra-Apavatn lóð L169299, L169301-303; 2, 4, 6 og 8; Lækjarbyggð; Breytt heiti lóða.

Fyrir liggur umsókn Agnesar P. Guðmundsdóttur, dagsett 19. júlí 2019 um breytingu á heiti fjögurra lóða, Neðra-Apavatn lóð L169299 og L169301-303 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Óskað er eftir að aðkomuvegurinn fái nýtt heiti, Lækjarbyggð, og að númer lóðanna verði 2, 4, 6 og 8. Nafnið vísar í læk sem rennur um lóðirnar (Hrossalækur) og seinni hluta götuheitisins Öldubýggð sem er á frístundasvæði í landi Svínavatns sem liggur í suðurátt frá Neðra-Apavatni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni um heitið (staðvisinn) Lækjarbyggð og númer lóðanna. Senda skal tilkynningu um breytt heiti til allra lóðahafa.

Mál nr. 14: 1907036 - Bjarkarbraut 3 (L169153); Umsókn um byggingarleyfi; Gestahús.

Fyrir liggur umsókn BJBR3 ehf., dagsett 4. júlí 2019 um byggingarleyfi til að byggja gestahús 29,5 m² á sumarhúsalóðinni Bjarkarbraut 3 (L169153) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir gestahúsi með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 15: 1907060 - Öndverðarnes; Kambsbraut og Stangarbraut; Breytt stærð húsa; deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Sigurðar H. Sigurðssonar f.h. Öndverðarness ehf., dagsett 15. júlí 2019 um breytingu á skilmálum gildandi deiliskipulags fristunabyggðar í Öndverðarnesi. Breytingin fellst í að færðir eru inn eldri skilmálar fyrir Kambsbraut og Stangarbraut þar sem leyfð verður hámarksstærð húsa allt að 250 m², eins og var í gildandi skilmálum deiliskipulags svæðisins frá árinu 2005. Einungis er breyting á Kambsbraut og Stangarbraut en hámarksnýtingarhlutfallið 0.03 skal gilda fyrir aðrar lóðir á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Mál nr. 16: 1906072 - Stærri-Bær 1; Umsókn um byggingarleyfi; fjós – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Ágústs Gunnarssonar og Önnu Margrétar Sigurðardóttur, dagsett 13. júní 2019 um byggingarleyfi til að byggja við fjós 638.5 m² á jörðinni Stærri-Bær 1 (L168283) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu fjóss með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17: 1908018 - Lyngborgir 43; Breytt stærð aukahúss; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Ástríðar Thorarensen, dagsett 23. júlí um breytingu á gildandi skilmálum frístundabyggðar í Lyngborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Óskað er eftir að gerð verði breyting á hámarksstærð aukahúsa, úr 25 m² í 40 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

3. Ráðgjafasamningur við Consello ehf.

Fyrir liggja drög að samningi við Consello ehf., um ráðgjöf og umsjón með verðkönnun í váttryggingar fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Samkomulag um yndisskóg.

Fyrir liggja drög að samkomulagi sveitarfélagsins, Kerhólsskóla og Skógræktarfélags Grímsneshrepps um sameiginlegan yndisskóg í landi Grímsnes- og Grafningshrepps að Borg.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 30. september

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-16

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorlákssmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

**Ath.
breyttur opnunartími á sunnudögum og
sumartíminn lengdur til 30. september.**

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðaþjónustu og
viðburði í Uppsveitunum.



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknariturnum kl. 8:00—9:00 í síma 432 2020

Feðgaverk

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Markmið verkefnisins er að gera yndisskóg þar sem íbúar og gestir sveitarfélagsins geti notið útiveru í skjólgóðu og fallegu umhverfi. Með þessu verkefni er fólki annars vegar gert kleift að njóta útivistar með það að markmiði að efla lýðheilsu og hins vegar að stuðla að fræðslu og efla félagslega innviði samfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning með fyrirvara um breytingar á aðalskipulagi og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Leiðbeiningar við verklag um skráningu lóða og staðfanga.

Fyrir liggja drög að verklagsreglum um skráningu lóða og staðfanga í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi verklagsreglur og felur sveitarstjóra að senda þær til Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. til notkunar.

6. Bréf frá Lísu Thomsen um Gömlu Borg.

Fyrir liggur bréf frá Lísu Thomsen, dagsett 1. júní 2019 þar sem rakin er saga Gömlu Borgar og athugað er með áhuga sveitarstjórnar að kaupa húsið og varðveita þannig merka sögu hússins og sveitarinnar, þannig að sómi sé að. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 19. júní s.l. þar sem fulltrúum sveitarstjórnar var falið að hitta forsvarsmann/menn Gömlu Borgar og fá frekari upplýsingar. Einnig er lagt fram minnisblað oddvita sveitarfélagsins frá fundinum og var niðurstaða fundarins að ásett verð til sveitarfélagsins ásamt innbúi yrði 26 milljónir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna kaupum Gömlu Borgar á þessum kjörum.

7. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem tilkynnt er afturköllun stjórnvaldsákvörðunar ráðuneytisins um skerðingar á úthlutunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2017 og 2018.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 5. júlí 2019 þar sem tilkynnt er afturköllun stjórnvaldsákvörðunar ráðuneytisins um skerðingar á úthlutunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2017 og 2018. Þar er farið yfir fjárhæðir úthlutunarinnar ásamt vöxtum og tilkynnt að

fjárhæðin hafi verið greidd til sveitarfélagsins. Sveitarstjórn áréttar við ráðuneytið að lögmaður sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl. er með umboð til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í þessu máli. Sveitarstjórn telur ekki ásættanlegt að ráðuneytið fari á bak við umboðsaðila með bréfi og greiðslum beint til sveitarfélagsins þegar umboðsaðili lagði fram tillögu um samkomulag, dagsett 8. ágúst 2019. Samkvæmt þeirri tillögu er enn ógreiddur innheimtukostnaður. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins og umboðsaðila, Óskari Sigurðssyni hrl. að vinna áfram að hagsmunum sveitarfélagsins.

8. Bréf frá Sverri Sigurjónssyni hdl. f.h. Víðibrekku 3 ehf. þar sem farið er fram á leiðréttingu á skráningu stærðar hússins að Víðibrekku 3 og leiðréttingu á fasteignagjöldum.

Fyrir liggur bréf frá Sverri Sigurjónssyni hdl. f.h. Víðibrekku 3 ehf., dagsett 15. júlí 2019 þar sem farið er fram á leiðréttingu á skráningu stærðar hússins að Víðibrekku 3 og leiðréttingu á fasteignagjöldum. Sveitarstjórn felur Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs. ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu.

9. Frístundaheimili Kerhólsskóla, samantekt fyrir veturinn 2018-2019.

Fyrir liggur samantekt Gerðar Dýrfjörð, tómstunda- og félagsmálafulltrúa sveitarfélagsins á starfi frístundaheimilis Kerhólsskóla veturinn 2018-2019. Samantektin lögð fram til kynningar.

10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Gelti, Grimsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Gelti, Grimsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi, Grimsnes- og Grafningshreppi.

Frá Hjálparsveitinni Tintron.

Þökkum kærlega fyrir vel heppnuð Grímsævintýri. Klifurveggurinn var vel sóttur hjá okkur ásamt hoppuköstulunum.

Útköll mánaðarins voru fjögur talsins.

3. ágúst - F1 Slys á Úlfliótsvatni

6. ágúst - F2 Slasaður einstaklingur á Kili

10. ágúst - F2 Leit að belgískum ferðamanni á Þingvallavatni

21. ágúst - F2 Slasaður einstaklingur í Kerinu

Í ágústmánuði fengum við afhentan nýjan utanborðsmótor á bátinn hjá okkur í þeirri meiningu að endurvefja bátaflokk sveitarinnar sem undanfarin ár hafa sýnt að þörf sé á.

Nú er unnið í því að endurnýja þurrbúninga, björgunarvesti, kastlínur og fleira sem því fylgir fyrir fjóra björgunarmenn þar sem gömlu gallarnir hafa sýnt það þennan mánuðinn að þeir halda ekki mjög vel vatni lengur.

Einnig fengum við nú rétt fyrir mánaðarmótin Land Cruiser bifreið sveitarinnar til baka frá Örtölvum á Selfossi þar sem aukarafkerfi bílsins var yfirfarið og endurnýjað.

Vinnuljósum og forgangsakstursbúnaði var skipt út fyrir nýtt sem er mun öflugra en þarfnast margfalt minni straums en áður og þar með minna álag á bílinn.

Þökkum við Örtölvum kærlega fyrir vel unnið verk.

Mínum á styrktarreikning sveitarinnar.

0586-26-456 Og facebook síðuna okkar sem finnst undir okkar nafni, Hjálparsveitin Tintron.

kt. 490487-1319

Jóhannes Þórólfur Guðmundsson, formaður





Dagana 11. – 14. ágúst var reiðnámskeið fyrir börn og unglinga í boði Hestamannafélagsins Trausta.

Kennari á námskeiðinu var Sólun Mortens og var námskeiðið haldið í Miðengi en þar er bæði hægt að vera inni og úti á reiðvelli, frábær aðstaða fyrir hesta, knapa og foreldra.

Þátttaka á námskeiðinu var mjög góð eða 23 iðkendur skráðir.

Á fimmtudeginum 15. ágúst var svo riðið með hópinn í Kringlumýri þar sem var grillað, leikið og svo gist.

Frábærir dagar og alveg ómissandi hluti ágústmanaðar ár hvert.

F.H. æskulýðsnefndar Trausta.

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Laugarvatni



Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 13. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi. Einnig er lagt fram bréf Ingibjargar Harðardóttur, sveitarstjóra, dagsett 20. ágúst 2019 þar sem gefin er jákvæð umsögn f.h. sveitarfélagsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt og staðfestir bréf sveitarstjóra.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Grænu könnunni, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Grænu könnunni, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

13. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Sesseljuhúsi, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Sesseljuhúsi, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

14. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Vigdísarhúsi, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. ágúst 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Vigdísarhúsi, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

15. Bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um jafnlaunavottun.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 15. júlí 2019 þar sem minnt er á að sveitarfélögin hafi öðlast vottun á jafnlaunakerfi og framkvæmd þess eigi síðar en 31. desember 2019. Lagt fram til kynningar.

16. Tölvupóstur frá Sigrúnu Ástu Magnúsdóttur framkvæmdastjóra greininga- og áætlunarsviðs Íbúðalánasjóðs um tilraunaverkefni Íbúðarlánasjóðs og félagsmálaráðuneytisins.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigrúnu Ástu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra greininga- og áætlunarsviðs Íbúðalánasjóðs dags. 25. júlí 2019 þar sem farið er yfir tilraunaverkefni Íbúðarlánasjóðs og félagsmálaráðuneytisins. Jafnframt er lögð fram stöðuskýrsla um húsnæðismál á landsbyggðinni. Lagt fram til kynningar.

17. Tölvupóstur frá Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins við leiðbeiningum til endurskoðunar á gjaldskrár byggingarfulltrúaembætta.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. júlí 2019 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins við leiðbeiningum til endurskoðunar á gjaldskrár byggingarfulltrúaembætta. Lagt fram til kynningar.

18. Tölvupóstur frá Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynntar eru leiðbeiningar um innleiðingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk (NPA).

Fyrir liggur tölvupóstur frá Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. júlí 2019 þar sem kynntar eru leiðbeiningar um innleiðingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk (NPA). Lagt fram til kynningar.



Unglingaflokkur:

Ásta Rós Rúnarsdóttir	Krummi frá Efri Reykjum brúnn 13v.
Vala Benediktsdóttir	Mirra frá Votmúla jörp 13v.
Thelma Rún Jóhannsdóttir	Frár frá Stóru-Hildisey brúnn 15v.
Gunnar Birkir Sigurðsson	Væta frá Hömrum rauð 6v.

Vala Benediktsdóttir hlaut ásetuverðlaunin að þessu sinni.

Tölt T7:

Vilborg Jónsdóttir	Kaiteinn frá Böðmóðsstöðum brúnn 8v.
Thelma Rún Jóhannsdóttir	Frár frá Stóru-Hildisey brúnn 15v.
Sandra Westphal-Wiltschek	Ösp frá Hlíðartúni brún 13v.
Rúna Jónsdóttir	Sólon frá Glóru brúnn 17v.
Sigurður Halldórsson	Væta frá Hömrum rauð 6v.

150m skeið

Guðmundur Valsson	Vísir frá Efri Brú brúnn 18:00 sek.
Eiríkur Steinsson	Nótt frá Lynghóli brún 6v. 19.35 sek.
Aðrir hestar lágu ekki.	

Par mótsins var valið Thelma Rún Jóhannsdóttir og Frár frá Stóru-Hildisey.

Stjórn hestamannafélagsins Trausta vill koma á framfæri þökkum til þeirra sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Í Vallamótsnefnd sitja Rúna Jónsdóttir, Jóhann Gunnar Friðgeirsson og Kristinn Gunnar Vilmundarson. Þeim til aðstoðar eins og alltaf voru Eiríkur Steinsson og Benedikt Gústafsson.



Hið árlega Vallamót Hestamannafélagsins Trausta var haldið 17. ágúst síðastliðinn á Laugardalsvöllum. Góð þátttaka var á mótinu að venju.

Pollaflokkur (9 ára og yngri) er alltaf vinsæll og var gaman að sjá hvað allir þessir krakkar eru áhugasöm og góðir knapar.

Eftirfarandi tóku þátt í pollaflokk og fengu þau öll viðurkenningar fyrir þátttökuna.

Pollaflokkur.

Védís Daníelsdóttir	Hrútur frá Hjálmsstöðu jarpur 18v.
Andri Eldon Hreinsson	Þoka frá Laugardalshólum grár 17v.
Hallfríður Helga Arnórsdóttir	Kveikur frá Austurey rauður 9v.
Hrói Bjarnason	Þóroddsstöðum Brúnn 7v.
Bjarney Sara Haraldsdóttir	Spöng frá Þóroddstöðum grá 21v.
Birgitta Steinunn Arnórsdóttir	Hylling frá Hömrum jörp 24v
Lovísa Ýr Jóhannsdóttir	Freisting frá Skíðbakka III jörð 21v.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Barnaflokkur:

Ingvar Jökull Sölvason	Krummi frá Efstadal II brúnn 10v.
Kári Danielsson	Doki frá Hjálmsstöðum rauður 19v.
Ásdís Rún Grímsdóttir	Kristall frá Norður-Hvammi grár 16v.
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Hylling frá Hömrum jörp 24v.
Stefanía Maren Jóhannsdóttir	Forrest frá Laugardalshólum jarpur 20v.
Hallfríður Helga Arnórsdóttir	Kveikur frá Austurey rauður 9v.

19. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Málinu frestað.

20. Tölvupóstur frá Rúnari Guðmundssyni, skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. þar sem óskað er umsagnar vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Rúnari Guðmundssyni, skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., dags. 14. júlí 2019 þar sem óskað er umsagnar vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

21. Önnur mál.

a) Bréf frá Gunnari Á. Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Tíns þar sem auglýstur er aðalfundur félagsins.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Vottunarstofunnar Tíns ehf. sem haldinn verður 27. ágúst n.k. í Reykjavík. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 282. stjórnarfundar 09.07 2019.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 283. stjórnarfundar 13.08 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15

Lumið þið á dóti fyrir Frístund Kerhólsskóla ?

Frístund Kerhólsskóla er nú hafin og mikil spenna fyrir starfinu í vetur. Frístundin er fyrir börn í 1. – 4. bekk. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá þar sem allir eiga vonandi eftir að finna sig í leik og starfi. Ef það er til eitthvað af dóti, sem heimilin eru hætt að nota þá myndum við þiggja að fá dótið til okkar svo börnin geti notað það áfram. Við erum t.d. að tala um kubba, púsl, dúkkur, grjónapúða, borðspil, ofurhetjugarla, búninga, púða eða sessur og hvað annað sem er nýtilegt.

Verður samt að vera heilt og líta vel út.

Best er að koma þessu til okkar í Frístund þegar þið eigið leið hjá.

Starfsmenn Frístundar í vetur verða:

Magnús Hlynur Hreiðarsson, Ívar Ingimundarson og Sigfús Heimisson.

Það er alltaf hægt að ná í okkur á opnunartíma Frístundar frá 12:15 til 16:15 alla virka daga í síma 893-6800.


Við erum líka með netfangið fristund@kerholsskoli.is



Pokana sem nota á í
brúntunnuna er hægt að fá **frítt** í Sundlauginni á Borg



PUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS

Góður árangur Þóroddsstaða hrossa á HM í Berlín

Heimsmeistaramót íslenska hestsins var haldið í Berlín í ágúst s.l.. Þar náðu frábærum árangri tveir hestar frá Þóroddsstöðum. Glúmur frá Þóroddsstöðum varð heimsmeistari í 250 m. skeiði á tímanum 21,80 sek. knapi Guðmundur Friðrik Björgvinsson en Glúmur á einnig Íslands- met í 100 m. skeiði 7,08 sek. Þá stóðu Glódís Sigurðardóttir og Trausti frá Þóroddsstöðum langefst eftir forkeppni í fimmgangi ungmenna með einkunnina 6,40 en þá brá svo við að fótaskoðunarmaður mótsins dæmdi þau úr leik vegna gamals örs í innanverðri kinn hestsins og enginn vegur reyndist að fá þeim dómi hnekt. Þau fengu svo að keppa í annarri grein daginn eftir eins og ekkert hefði í skorist og örið sæti á sínum stað. Það er líka vert að geta þess að drjúgmörg hross sem kepptu á mótinu eiga ættir að rekja til Laugarvatns/Þóroddsstaða og má þar nefna Nóa frá Stóra-Hofi, Júlíu frá Hamarsey og sænskfæddu stóðhestana Kolgrím Grímsson og Náttfara frá Gunvarbyen. Hestamannafélagið Trausti óskar Þóroddsstaðbændum til hamingju með þennan glæsilega ræktunarárangur.



Kerhólsskóli



Grimsnes-og Grafningshreppur

Kerhólsskóli óskar eftir að ráða skólaliða

Um er að ræða tímabundna ráðningu vegna veikinda í 50-60% stöðuhlutfall.

- Skólaliði sér um gæslu í frímínútum og þrif á skólahúsnæðinu.

Vænst er af umsækjanda:

- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubragða.
- Góðrar íslenskukunnáttu.
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Æskilegt er að umsækjandi geti byrjað sem fyrst.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2019.


Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri og Íris Anna Steinarrsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 480-5520, 863-0463, 695-7110. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra jonabjorg@kerholsskoli.is

TÓNLIST FYRIR NEMENDUR



Sveinbjörn
Gíslason
tónlist
sl

Kennslan fer fram



Dagný Halla



Dan



Frída



Ingiljörg



Karl

TÓNSMÍÐJA nútíma tónlistarnám
SUÐURLANDS

Tónsmíðja Suðurlands
Eyravegi 67, 800 Selfoss
www.tonsmidjan.net

Í samvinnu við:
Hrunamannahr

**Mánudagur
9. sept**

HAUSTFUNDUR

**Félagsheimilinu
kl. 18.00**

Kaffikonur: Sigríður Laufey,
Guðrún Bergmann, Þuríður
Jóns og Jóna Björg

Allar konur velkomnar
Stjórnin

1919
Jórnaleg
Grímsnesmenntasamtök






TARNÁM R KERHÓLSSKÓLA

inn Pálsson gítarleikari
ýður upp á kennslu í:
ítar, bassa, ukulele,
rommum og söng
kráning á www.tonsmidjan.net

m á skólatíma!*

*Með fyrirvara um lágmarksfjölda nemenda



Kolbrún Hildur

Stefán

Sveinn

Unnur Birna

Árborg, Ásahrepp, Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp,
hrepp, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Ölfus & Prófanefnd Tónlistarskóla.

Dagskrá eldri borgara í Grímsnes

Matur í boði alla v

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
2 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 <i>Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal</i>	3 09:55 - 11:55 / 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	4 09:55 - 11:55 Sundlaug / tækjasalur
9 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 <i>Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal</i>	10 09:55 - 11:55 / 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:30 Samverustund í félagsheimilinu	11 09:55 - 11:55 Sundlaug / tækjasalur
16 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 <i>Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal</i>	17 09:55 - 11:55 / 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur	18 09:55 - 11:55 Sundlaug / tækjasalur
23 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 <i>Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal</i>	24 09:55 - 11:55 / 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 13:10 – 14:10 Fyrirlestur um lýðheilsu í félagsheimilinu - Guðrún Ása íþróttakennari	25 09:55 - 11:55 Sundlaug / tækjasalur
30 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 <i>Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal</i>		





- og Grafningshreppi í september írka daga frá 12:00

r	Fimmtudagur	Fös.	Lau.	Sun.
				1
/ 12:30 – 22:00 ekjasalur	5 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal	6	7	8
/ 12:30 – 22:00 ekjasalur	12 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal	13	14	15
/ 12:30 – 22:00 ekjasalur	19 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal	20	21	22
/ 12:30 – 22:00 ekjasalur	26 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 10:15 – 11: 15 Slitgigtarskólinn - Lokað námskeið í íþróttasal	27	28	29

Ævintýralegur dagur

Hin árlega sveitahátíð Grímsævintýri í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps var haldin á Borg í Grímsnesi laugardaginn 10. ágúst. Veðrið lék við hátíðargesti sem höfðu úr fjölbreyttri dagskrá að velja og virtust skemmta sér ævintýrlega vel. Tombólan sögufræga í félagsheimilinu og markaðurinn í íþróttahúsinu voru á sínum stað. Boðið var upp á heilsufarsmælingar í samstarfi við SÍBS Líf og heilsa sem voru vel sóttar auk þess sem kvenfélagskonur settu upp kaffihús - Blúndukaffi.

Fjögur önnur félagasamtök tóku þátt í hátíðinni að þessu sinni og buðu upp á afþreyingu og skemmtun. Hjálparsveitin Tintron sýndi tæki og búnað, sá um hoppukastala og bauð upp á klifur í færanlegum klifurvegg sem sló heldur betur í gegn. Ungmennafélagið Hvöt var með leiki á leikvöllinum og félagar úr Hestamannafélaginu Trausta teymdu undir börnum. Að vanda stóð Leikfélagið Borg fyrir flottri Ævintýrasýningu sem var lokaverkefni á leiklistarnámskeiði sem haldið var í vikunni fyrir Grímsævintýrin. Einnig komu BMX-Brós og léku listir á hjólunum sínum við mikinn fögnuð og Blaðrarar mættu á svæðið.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu á Ævintýrin, nutu dagsins með okkur og styrktu gott málefni. Einnig þökkum við þeim félagasamtökum sem tóku þátt í hátíðinni, sveitungum okkar og fjölskyldum fyrir stuðning og aðstoð við undirbúning, framkvæmd og frágang. Grímsævintýrin 2020 verða haldin laugardaginn 8. ágúst að ári.

Við hlökkum til að sjá ykkur þá – ævintýrin gerast enn.

Kvenfélag Grímsneshrepps

